



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2010

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 232. mál.

Stefnumörkun og stefnumótun eru vinnubrögð sem skynsamlegt er að beita til að ná settum markmiðum. Þá aðferðafræði þekkinga Samtök iðnaðarins vel og hafa beitt með góðum árangri í sínum störfum.

Þegar liggur fyrir stefnumótun á mörgum sviðum og nægir að benda á afrakstur Hátækni- og sprotabings í nóvember 2009.

Það er vissulega mikilvægt að staldra við og horfa fram á veginn en það má ekki verða á kostnað þess að framkvæma það sem þegar liggur fyrir að takast þurfi á við og er afrakstur stefnumótunar sem þegar er lokið.

Samtök iðnaðarins sakna þess að í ályktunina vantar hugtök og orð á borð við:

- útflutningur
- framleiðsla
- iðnaður
- arðsemi
- tekjuöflun
- fyrirtæki
- gjaldeyrisöflun
- arðbær störf og starfsemi

Það blasir við að á næstu 10 árum þarf að skapa störf fyrir 35.000 manns. Hryggjarstykkið í viðfangsefni þessa fólks og þeirra fyrirtækja sem það starfar hjá verður að vera framleiðsla á vörum og þjónustu fyrir erlenda markaði. Þetta verður að vera leiðarstefið í vinnu að sóknaráætlun.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri